



Fundargerð

5. fundur öldungaráðs Reykjanesbæjar, haldinn að Nesvöllum

28. maí 2020, kl. 14:30

Viðstaddir: Þórdís Elín Kristinsdóttir, formaður, Díana Hilmarsdóttir og Rúnar V. Arnarson, fulltrúar Reykjanesbæjar, Eyjólfur Eysteinnsson, Hrafnhildur Gunnarsdóttir og Loftur Hlöðver Jónsson, fulltrúar Félags eldri borgara á Suðurnesjum, Margrét Blöndal, fulltrúi Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja, Ása Eyjólfsdóttir, forstöðumaður stuðningsþjónustu og Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir, ritari.

* * *

1. Nýtt hjúkrunarheimili (2019050812)

Ása Eyjólfsdóttir, forstöðumaður stuðningsþjónustu, kynnti fyrirhugaðar framkvæmdir við nýtt hjúkrunarheimili sem verður sambyggt núverandi heimili að Nesvöllum. Samningur milli Reykjanesbæjar og heilbrigðisráðuneytisins um byggingu hjúkrunarheimilisins var undirritaður 27. febrúar sl. og hefur bæjarstjórn Reykjanesbæjar samþykkt að ganga til samninga við Sjómannadagsráð vegna verkumsjónar.

Öldungaráð fagnar því að samningar hafi náðst um byggingu nýs hjúkrunarheimilis.

2. COVID-19 (2020030203)

Ása Eyjólfsdóttir, forstöðumaður stuðningsþjónustu, fór yfir áhrif COVID-19 á stuðningsþjónustu Reykjanesbæjar.

Öldungaráð lýsir yfir ánægju með viðbrögð við COVID-19 hjá stuðningsþjónustunni og þakkar starfsfólki fyrir þeirra frábæru störf við erfiðar aðstæður.

3. Opinn fundur með heilbrigðisráðherra (2020050494)

Eyjólfur Eysteinnsson, fulltrúi Félags eldri borgara á Suðurnesjum, skýrði frá því að Öldungaráð Suðurnesja hafði áformað að boða til opins fundar með heilbrigðisráðherra um stöðu heilbrigðismála á svæðinu í vor. Ráðherra hefur samþykkt að mæta á fundinn en vegna COVID-19 hefur honum verið frestað til haustsins.

4. Samþykkt fyrir öldungaráð Reykjanesbæjar (2020021206)

Þórdís Elín Kristinsdóttir, formaður, sagði frá vinnu við gerð samþykktar fyrir öldungaráð Reykjanesbæjar. Drög að samþykkt verða lögð fram á næsta fundi ráðsins.



5. Fundargerð stjórnar öldungaráðs Suðurnesja 25. maí 2020 (2020021261)

Fundargerðin lögð fram.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:30.

Þóroddur Elin Knóttindóttir
Díanna Flímaðóttir
Flaumur
Leifur Hjónsson
Margrjet Blöndal
Rinn
Larsen